

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja.

#### 1. gr.

Á eftir 1. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Ef um ævilangt sjúkdómsástand er að ræða er stofnuninni heimilt að samþykkja innkaupaheimildir sem gilda lengur.

#### 2. gr.

Á eftir 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Reikningssskil skulu vera á því formi sem Sjúkra-tryggingar Íslands ákveða og getur stofnunin farið fram á að reikningar, umsóknir og önnur gögn séu á rafrænu formi.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 3. nóvember 2020.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Elsa B. Friðfinnsdóttir.*